

Mentoraverkefni í lagadeild – kynning:

Lagadeild mun í vetur bjóða nýnemum upp á að vera þátttakendur í Mentoraverkefni á vegum deildarinnar. Var boðið upp á þessa þjónustu s.l. vetur í fyrsta sinn, og reyndist vel.

Mentorar koma úr hópi nemenda sem eru á 3. – 5. ári í laganáminu og heldur hver mentor heldur utan um hóp af 15-20 nýnemum.

Hlutverk mentors er að miðla af reynslu sinni í náminu, að auðvelda aðkomu nýnema að nýjum skóla, hjálpa þeim að aðlagast kennsluháttum, vísa á þá þjónustu sem þeir eiga kost á og svara spurningum sem upp koma varðandi námið. Þeim er ekki ætlað að aðstoða nýnema með verkefni eða annað námsefni. Mentorar vinna í nánu samstarfi við starfsmenn á skrifstofu lagadeildar. Mentorar munu halda fundi með nemendum eftir þörfum og einnig geta nemendur haft samband við mentor sinn ýmist með tölvupósti eða símleiðis.

Nýnemum er í sjálfsvald sett hvort og hversu mikið þeir leita til síns mentors. Við hvetjum þó nýnema til að taka þátt í verkefninu, því þetta er góð leið til að kynnast samnemendum og fá hagnýtar upplýsingar frá eldri nemendum.

Fyrir kynningarfundinn í Háskólabíói þann 26. ágúst n.k. verður búið að raða nýnemum í hópa og að fundi loknum munu nýnemar hitta sinn mentor og ganga með honum um háskólasvæðið og enda í Lögbergi þar sem verður grillveisla í boði Orators, félags laganema.